

Samkvæmt úrslitum máls þessa þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 30.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steinar Guðmundsson, greiði stefnanda, Ole N. Olsen f. h. einkafyrirtækis hans, Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, kr. 205.821 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1972 til greiðsludags og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri ábyrgð lögum samkvæmt.

Fimmtudaginn 16. október 1975.

Nr. 144/1975. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
 gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari og Þorsteini Þorsteinssonum og
Sýslumanninum í Þingeyjarsýslu.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Dómkvaðning. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. september 1975, sem barst Hæstarétti 8. október s. á., hafa sóknaraðiljar kært „úrskurð“ sýslumannsins í Þingeyjarsýslu í bréfi hans 18. september 1975. Krefjast þeir þess, að synjun héraðsdómara um dómkvaðningu landskiptamanna verði hrundið og að lagt verði fyrir hann að dómkveðja þrjá óvilhalla menn til að framkvæma landskipti, en til vara að dómkveðja fjóra eða fimm yfirlandskiptamenn í sama skyni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi

varnaraðilja Þorsteins Aðalsteinssonar og Gunnars og Þorsteins Þorsteinssona.

Hvorki hefur borist kröfugerð né greinargerð frá varnaraðiljum.

Málavextir eru þessir samkvæmt gögnum máls.

Hinn 18. október 1973 kvaddi sýslumaðurinn í Þingeyjar-sýslu að kröfu sóknaraðilja oddamann til þess að framkvæma ásamt úttektarmönnum Skútustaðahrepps landskipti á landi Geiteyjarstrandar II. Hinn 9. október 1974 kvöddu landskiptamenn þessir aðilja á fund að Geiteyjarströnd. Í fundargerð frá fundi þessum segir m. a. svo: „Fyrir fundinum lá að skipta $\frac{1}{16}$ hluta jarðarinnar út úr, samkvæmt kröfu Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar. Emma og Jón eru eigendur að hluta af lögbýlinu Geiteyjarströnd II. Skiptamenn líta svo á, að landskiptalög nr. 46 frá 27. júní 1941, 1. gr., heimili ekki skipti nema á milli lögbýla og að eigendur að hluta úr lögbýli geti því ekki fengið sínum hluta út skipt. Skiptamenn eru því sammála um að hafna framkominni skiptakröfu“.

Sýslumaður Þingeyjarsýslu sendi lögmanni sóknaraðilja fundargerð landskiptamanna með bréfi 16. janúar 1975.

Lögmaðurinn ritaði sýslumanni bréf 21. s. m., og segir þar m. a. svo:

„Ég verð því að beiðast þess, að þér, herra sýslumaður, leggið fyrir landskiptamennina að láta af mótmælum sínum og framkvæma skiptin eins og þeim ber skylda til. Ef ekki reynist auðið að fá þessa landskiptamenn til að gegna skyldu sinni, þá neyðist ég til að beiðast þess, að þér hlutist til um að dómkveðja aðra þrjá óvillhalla og hæfa menn til að framkvæma umbeðin landskipti“.

Hinn 5. júní 1974 spurðist lögmaðurinn fyrir um það í bréfi til sýslumanns, hvort hann mætti vænta svars við bréfi þessu, og hinn 20. júní s. á. ritaði lögmaðurinn sýslumanni enn bréf. Segir þar í upphafi: „Með vísan til vinsamlegs viðtals við yður, herra sýslumaður, þann 5. þ. m., leyfi ég mér hér að beiðast þess, að þér hlutist til um, að fram fari yfir-

landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi. Er þess beiðst, að þér dómkveðjið 4 óvillhalla og hæfa menn til að framkvæma yfirlandskipti samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941“.

Hinn 18. september 1975 ritaði sýslumaður lögmanni sóknaraðilja bréf, þar sem m. a. segir svo:

„Ég vísa til bréfa yðar, dags. 21. jan. 1975 og 5. júní 1975, og svo símtala þeirra, er við höfum átt um landskipti á Geiteyjarströnd.

Eins og okkur er báðum kunnugt, varð niðurstaða landskiptamannanna Stefáns Skaftasonar, Helga Jónassonar og Sigurðar Þórissonar, sbr. landskiptafund þeirra 9. október 1974, að landskiptalög nr. 46 frá 27. júní 1941, 1. gr., heimili ekki skipti nema á milli lögbýla, og að eigendur að hluta úr lögbýli geti ekki fengið sínum hluta út skipt. . . .

Með bréfinu, dags. 21. jan. s. l., beiddust þér, að ég kveddi til nýja þrjá óvillhalla og hæfa menn til að framkvæma skiptin. Ég lét ekki af því verða að kveðja nýja þrjá menn til að framkvæma skiptin, þar sem ég taldi mig ekki á þann hátt geta ógilt umboð löglegra skiptamanna.

Hins vegar taldi ég yfirlandskiptagerð geta komið til greina. En beiðni yðar um slíka yfirlandskiptagerð kom ekki fram, fyrr en eftir að 6 mánaða frestur samkvæmt 5. gr. i. f. var liðinn. Ég taldi samt orka nokkuð tvímælis, hvort yfirmat ætti ekki að geta farið fram, þrátt fyrir að fresturinn væri liðinn, þar sem engin skipti höfðu farið fram við undirskiptagerðina. Rétt taldi ég þó að láta ákvörðun um það velta á afstöðu undirmatsmanna. Þeir töldu réttara að láta úrslit málsins velta á úrskurði dómstóla fremur en áleti yfirmatsmanna. . . .

Að þessu athuguðu tel ég rétt, að umbjóðandi yðar leiti réttar síns fyrir dómstólum, ef hann telur undirlandskiptamenn hafa gert sér órétt með ákvörðun sinni 9. okt. 1974“.

Bréf þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að sýslumaður neiti að taka til meðferðar hina umbeðnu dómsathöfn.

Kærumál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Héraðsdómara ber að taka beiðni sóknaraðilja um dómkvaðningu til meðferðar á dómþingi og taka afstöðu til hennar í úrrskurðarformi, sbr. ákvæði 190. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Sýslumanninum í Þingeyjarsýslu ber að taka beiðni sóknaraðilja, Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinsonar, um dómkvaðningu landskiptamanna til meðferðar á dómþingi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. október 1975.

Nr. 87/1975. **Sigurður Jónsson**

gegn

Hrafni Bragasyni borgardómara.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Dómarar. Þinghöld.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi til varnaraðilja 14. maí 1975 kærði Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður vegna sóknaraðilja til Hæstaréttar „meðferð“ varnaraðilja í þinghaldi 7. maí s. á. á bæjarþingsmálinu nr. 5574/1974: Jón V. Guðjónsson gegn Sigurði Jónssyni og gagnsök. Kærubréfinu fylgdi lögmaelt kærugjald. Varnaraðili endursendi hæstaréttarlögmanninum kærubréfið ásamt kærugjaldinu sama dag og tók fram í bréfi, er fylgdi, að honum væri veittur kostur „á að leiðrétta mis-